



# VIÐMIÐ UM JÁKVÆTT STAFRÆNT EFNI, ÞJÓNUSTU OG SMÁFORRIT FYRIR BÖRN

## Gildi og áhrif

Við þróun á efni fyrir smáforrit („öpp“) verður allt frá upphafi að taka mið af eftirfarandi **gildum** með tilliti til þess hvaða **áhrif** efnið getur haft á börn.

Stuðla þarf að því að efnið, smáforritið eða þjónustan:

- **geri barnið sjálföruggara og sjálfstæðara í að þróa getu sína í öruggu stafrænu umhverfi**
- **veiti barninu innblástur og hvatningu**
- **örvi barnið og auki forvitni þess til að læra meira**
- **sé öruggur vettvangur fyrir barnið til að kanna hinn stafræna heim með lágmarksáhættu.**

## Gátlisti

### Hafðu grunnatriðin hugföst

- Ákveða aldersbil markhópsins
- Skilgreina markmið
- Áætla ávinninginn fyrir barnið

### Vertu með skýr og gagnsæ markmið

- Hafa þarf aldersbilið ofarlega í huga við þróun efnisins og viðmótsins.
- Miðað við getu markhópsins, vitsmuna-, mál-, félags- og tilfinningaproska barnanna og áhugamál viðkomandi aldurshóps. Hafið ávallt í huga að hvert barn er einstaklingur og að mikill munur getur verið milli einstaklinga.
- Hafið í huga þá félags- og menningarlegu þætti sem skipta máli í samhenginu.

### Þróaðu efni og viðmót sem eru örvandi

- Gerðu áætlun um og þróaðu skapandi, gagnvirkt, örvandi, nýstárlegt, skemmtilegt og/eða fræðandi efni og viðmót.
- Notaðu hrifandi sjónrænt efni og gættu þess að allra höfunda og eigenda efnisins sé getið og það sé merkt með réttum hætti hvað þetta varðar. Hafðu í huga að myndrænir þættir, hljóð (rödd, tónlist og áhrifshljóð) og hreyfimyndir geta haft sterkari áhrif en texti.
- Hafðu verkefnin og önnur atriði mátulega krefjandi og veittu notandanum viðeigandi endurgjöf og umbun þegar við á.
- Íhugið að skiptast á, deila og nýta efni gegnum samstarf við aðra aðila sem framleiða og skapa uppbyggilegt efni á Netinu.

### Tryggðu nothæfið

- Hugaðu að því hvernig efnið eða þjónustan gætu þurft að vera aðgengileg gegnum snjalltæki og mismunandi vafra, stýrikerfi og annað slíkt tækni-umhverfi.



- Tryggja þarf að viðmótið sé notendavænt og henti hreyfigetu og annarri færni markhópsins.
- Koma þarf í veg fyrir að notendur geti villst á síðunni/í þjónustunni/smáforritinu. Þeir þurfa alltaf að vita hvar þeir eru og því þurfa að vera atriði í viðmótinu sem hjálpa þeim að rata og komast leiðar sinnar.
- Tilgreindu vefköng og/eða nafn sem gera börnunum kleift að komast auðveldlega í viðkomandi efni/þjónustu/smáforrit án þess að lenda á óæskilegum eða skaðlegum síðum með vírusum eða auglýsingum ef börnin gera stafsetningar- eða innsláttarvillu.
- Efnið þarf að vera á vel skrifuðu máli sem er villulaust og hæfir markhópnum.
- Tryggðu að börnin villist ekki og komist auðveldlega aftur á upphafsstaðinn eða í síðasta kafla. Gerðu þeim kleift að fylgjast með því hvar þau eru stödd (t.d. með því að merkja stað í leiknum eða sögunni). Gerðu barninu auðvelt að finna sama efni aftur ef það vill halda áfram lestrinum eða leiknum.

### Hafðu efnið og þjónustuna aðgengileg fyrir sem flesta

- Tryggðu að komið sé til móts við þarfir fatlaðra hvað varðar sjón, heyrn, hreyfigetu og vitsmunalega getu við skipulag, þróun og framleiðslu efnisins/þjónustunnar og að allir þátttakendur í verkefninu séu meðvitaðir um þessa kröfu.
- Íhugaðu uppbyggingu, mál/texta/tal, hljóð, myndir og liti efnisins og þjónustunnar. Tryggðu að þessir þættir séu þannig úr garði gerðir að þeir styðji við hjálpartæki og útvegaðu sérsniðinn texta og aðra slíka valkosti þegar þess er þörf.

### Tryggðu að efnið sé áreiðanlegt

- Gakktu úr skugga um að efnið/þjónustan/smáforritið samræmist gildandi lögum og reglum um verndun þeirra sem eru ólöggráða vegna æsku, persónuvernd, viðskiptaorðsendingar, höfundarrétt o.s.frv.
- Veittu upplýsingar um aðilann sem dreifir efninu og/eða býr það til.
- Tryggðu að upplýsingar um hvernig hafa má samband séu aðgengilegar og svaraðu fyrirspurnum innan viðunandi tímamarka.
- Tryggðu að efnið sé rétt og áreiðanlegt, það sé endurskoðað og því viðhaldið reglulega.
- Þegar við á verður að tryggja að efnið sé sannleikanum samkvæmt, uppfært og málefnalegt.
- Veittu greinargóðar upplýsingar fyrir foreldra og umönnunaraðila. Íhugið að sækja um og sýna óháða vottun til að vekja athygli á því að þjónusta ykkar sé barnvæn, ef við á.

### Tryggðu að öryggi barnsins sé í fyrirrúmi

- Tryggja verður að efnið sé ekki skaðlegt einstaklingum undir lögaldri, það hafi ekki að geyma særandi eða annað skaðlegt efni (svo sem klám, efni, myndir eða hreyfimyndir sem einkennist af kynþáttahatri, andúð á útlendingum, ofbeldi eða særandi/móðgandi innihald).
- Tryggðu að óviðeigandi efni sé ekki beint að börnum, svo sem ytri vefsíðum eða smáforritum með slíku efni.
- Í hvert skipti sem þið ákveðið að nýta efni frá ytri aðilum skal forðast efni og sýnishorn sem veitt eru með sjálfvirkum hætti án þess að lúta ritstjórn ykkar.
- Fylgdu meginreglunni um öryggi allt frá hönnun (e. safety by design) og hugaðu að barnavernd á Netinu allt frá upphafi framleiðsluferlisins.
- Þróaðu skilvirkar aðferðir til eftirlits og inngripa, þ. á m. tilkynningaferli sem er auðvelt að finna og nota til að hafa samband, fá hjálp eða aðstoð og tilkynna eða koma í veg fyrir efni eða samskipti sem gætu verið skaðleg.

- Íhugaðu að nota aldursflokkun og rafrænar aldursmerkingar sem auðvelda aðgangsstýringum foreldra að meta efnið/þjónustuna/smáforritið. Sýnið ytrustu aðgát og ábyrgð við notkun á aldursflokkunartólum annarra aðila til að fá áreiðanlegar niðurstöður.

### Hafðu hugfast að persónuvernd barna er forgangsmatið

- Tryggðu að lög um friðhelgi einkalífs séu virt. Gangið úr skugga um að þið hafið athugað og uppfært efni/þjónustu ykkar í samræmi við almenna persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (GDPR).
- Ekki afla meiri gagna en eru nauðsynleg.
- Veittu upplýsingar um ráðstafanir í tengslum við, og stefnu um, friðhelgi einkalífs sem eru auðsýnlegar og á máli og sniði sem hæfa markhópnum og foreldrunum.
- Sé unnið úr upplýsingum notenda eða afla þarf heimildar við uppsetningu eða notkun á smáforritinu/síðunnu/þjónustunni þarf að gera grein fyrir því með gagnsæjum hætti.
- Tryggðu að farið sé með persónugögn sem trúnaðarmál, að undantekningar (t.d. í þeim tilgangi að veita verðlaun) séu gagnsæjar og skýrt sé tekið fram að gögnunum verði eytt eftir á.
- Ef börn geta deilt persónuupplýsingum sínum verða þau að fá samþykki foreldra með virkum hætti.

### Sérstakrar aðgátar er þörf við þróun á efni sem er tengt samfélagsmiðlum og samskiptatækjum: félagsnetum, spjallrásum, vefsamfélögum, gestabókum, síðum þar sem hægt er að deila myndum/myndskeiðum, skilaboðakerfum o.s.frv.

- Íhugaðu að setja sérstakar reglur og veita öryggisupplýsingar um hvernig nota má viðkomandi þjónustu á öruggan hátt (s.s. leiðbeiningar um netsíði, vernd persónuupplýsinga, varnir gegn neteinelti o.s.frv.).
- Hvetja skal börnin til að biðja um leyfi foreldra áður en þeir búa til notandaaðgang. Kanna þarf hvernig hægt er að koma þessu í kring í skráningarferlinu.
- Tryggðu að tilkynningaleiðir séu auðveldar í notkun og auðvelt sé að finna þær (t.d. viðvörunartakka ef börnin þurfa hjálp eða aðstoð eða þurfa að tilkynna um hugsanlega skaðlegt efni eða samskipti).
- Tryggðu stöðuga og virka vöktun og stýringu á framlagi notenda svo öllu efni sem kann að vera skaðlegt börnum sé eytt.

### Ef við á skal þróa viðskiptalega þætti með ábyrgum hætti: auglýsingar, kostun, netverslun, kaup gegnum smáforrit o.s.frv.

- Tryggðu að farið sé að lögum og reglum sem gilda um auglýsingar og viðskiptalega þætti sem snúa að börnum.
- Huga þarf að því að viðskiptalegir þættir, svo sem auglýsingar og netverslun, séu aðskildir með skýrum hætti frá efninu, auðvelt sé að sjá hvers eðlis þeir eru, þeir séu merktir sem slíkir og ekki óviðeigandi fyrir börn (t.d. séu engar auglýsingar eða verslun með áfengi, sigarettur, lýta- eða fegrunaraðgerðir, megrunarvörur o.s.frv.).
- Tryggðu að viðskiptaleg skilaboð/tilboð séu gefin með opnum hætti.
- Hafðu í huga að smáforrit eiga ekki að bjóða upp á þann möguleika að eyða peningum nema slíkt eigi sér stað á vernduðu svæði og markhópnum sé gert ljóst að afla verður leyfis fullorðins einstaklings. Ekki beita börn þrýstingi til að kaupa viðbótarefni.
- Tryggðu að viðskiptalegir þættir hamli ekki stjórn notanda á aðgerðum.



- Tryggðu að takmarkanir séu á þeim fjárhæðum sem börn mega eyða á vefsíðunni/í smáforritinu/í þjónustuna.
- Tryggðu að greiðsluleiðir krefjist samþykkis foreldris.